

Eftirfylgni: *Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008–2010*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína frá árinu 2015 um birtingu upplýsinga um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila þannig að þær séu aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Velferðarráðuneyti hefur á heimasíðu sinni birt upplýsingar um fjölda hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma, lengd biðlista og biðtíma eftir hjúkrunarrými ásamt tengingum á síður undirstofnana með upplýsingum um málaflokkinn. Brugðist hefur því verið við ábendingunni með viðunandi hætti.

Velferðarráðuneyti vinnur enn að því að skoða hvaða frekari lykilupplýsingar sé rétt að birta opinberlega og hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu. Þá telur stofnunin rétt að ráðuneytið gefi öldrunarmálum frekari gaum í komandi stefnumótunavinnu um heilbrigðismál.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2012

Í skýrslunni [Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008–2010](#) kannaði Ríkisendurskoðun að beiðni forsætisnefndar Alþingis hvort fjárveitingar til stofnana með hjúkrunarrými fyrir aldraða hefðu dregist saman og hvort álag á starfsmenn þeirra hefði aukist eða þjónusta við íbúa þeirra skerst á tímabilinu 2008–10. Byggði skýrslan á upplýsingum um rekstur og þjónustu 34 öldrunarstofnana með hjúkrunarrými.

Niðurstaðan reyndist sú að fjárveitingar hefðu dregist saman að raungildi milli árana 2008 og 2010. Betur hefði hins vegar gengið að nýta fjármuni og starfskrafta þannig að kostnaður á legudag væri í samræmi við daggjöld. Þá varð aukning í ársverkum við umönnun og hjúkrunarklukkustundum á hvern íbúa á tímabilinu sem benti til þess að álag á starfsmenn hefði ekki aukist né hefði verið dregið úr þjónustu við íbúa.

Ríkisendurskoðun beindi einni ábendingu til velferðarráðuneytis. Laut hún að því að ráðuneytið gerði upplýsingar um rekstur og starfsemi öldrunarstofnana aðgengilegar á heimasíðu sinni og uppfærði þær með reglubundnum hætti.

Þannig gætu allir sem á þyrftu að halda, nálgast lykilupplýsingar um málaflokkinn og fylgst með þróun hans.

Ábending árið 2015

Í skýrslunni [Eftirfylgni: Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008–2010](#) ítrekaði Ríkisendurskoðun ábendingu sína til velferðarráðuneytis með örlítið breyttu sniði. Auk þess að gera upplýsingar um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila aðgengilegar á heimasíðu sinni yrði ráðuneytið að skilgreina slíkar lykilupplýsingar. Jafnframt hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að setja sér skýra aðgerða- og tímaáætlun um hvernig og hvenær það hygðist koma þessum málum í ásættanlegt horf.

Í viðbrögðum sínum við ábendingunni tók ráðuneytið undir mikilvægi þess að upplýsingar um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila lægju fyrir og að þær væru birtar og uppfærðar reglulega þannig að þær væru aðgengilegar þeim sem á þyrftu að halda. Einnig kom fram að nýlega hefði verið birt tafla á heimasíðu ráðuneytisins sem sýndi fjölda hjúkrunar- og sjúkrarýma á heilbrigðisstofnunum, flokkað eftir þjónustustigi, stofnunum og tegund rýmis. Þá upplýsti ráðuneytið um að á næstunni yrðu birtar upplýsingar um fjölda einstaklinga á biðlista, biðtíma þeirra og fleira.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að velferðarráðuneyti upplýsti um hvort, hvenær og hvernig hefði verið brugðist við ábendingu Ríkisendurskoðunar frá 2015. Svar barst í byrjun febrúar 2018.

Í svari ráðuneytis kom fram að listi um fjölda hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma væri settur á netið og uppfærður að jafnaði árlega, flokkað eftir heilbrigðisumdæmum og heimilum. Einnig væri hann settur fram á aðgengilegra formi á vefsíðu ráðuneytisins ásamt korti með staðsetningu þjónustunnar. Þá kom fram að verið væri að uppfæra aðrar upplýsingar, s.s. um biðlista, biðtíma og dvalartíma, og eins tengingar á síður undirstofnana með upplýsingum um málaflokkinn.

Ráðuneytið taldi einnig að fleiri upplýsingar um rekstur hjúkrunarheimila, nýtingu og fjármögnun væru mikilvægar fyrir almenning. Ráðuneytið ynni nú að því í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að greina tiltækar upplýsingar og meta hverjar skuli gera aðgengilegar.

Við athugun Ríkisendurskoðunar á upplýsingum um [öldr-unarmál](#) á heimasíðu ráðuneytisins kom fram að uppfærslu á biðlista og biðtíma upplýsingum fyrir síðasta ár væri lokið og að hægt væri að sjá slíkar upplýsingar fyrir alla mánuði ársins 2017. Einnig voru til staðar hlekkir inn á tölulegar upplýsingar sem Embætti Landlæknis gefur út um öldrunarmál sem og tengingar inn á upplýsingar frá Sjúkratryggingum Íslands, þ. á m. upplýsingar um hjúkrunarþyngd hjúkrunarheimila og rammastöð um þjónustu sem þau veita.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur að mestu verið komið til móts við ábendingu stofnunarinnar. Þó má benda á að ávallt má gera betur í að gera upplýsingar um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila aðgengilegar fyrir þá sem á þurfa að halda. Má þar t.d. nefna upplýsingar um mönnun öldrunarstofnana og dvalartíma. Hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að halda áfram vinnu sinni við að skilgreina þær upplýsingar um öldrunarmál sem gagnlegt væri að gera aðgengilegar fyrir almenning.

Þótt það hafi ekki verið viðfangsefni þessarar úttektar vekur Ríkisendurskoðun athygli á því að fjöldi einstaklinga á biðlista eftir dvöl í hjúkrunarrými hefur farið vaxandi á síðustu fimm árum. Í upphafi árs 2012 voru 180 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrýmum en þeir voru orðnir 368 í lok árs 2017. Þá hefur hjúkrunarrýmum einungis fjölgað um 90 rými síðan árið 2010 eða um 3,5% á meðan einstaklingum 80 ára og eldri hefur fjölgað um tæp 11%. Einnig hefur biðtími eftir hjúkrunarrými lengst síðastliðin ár. Að mati Ríkisendurskoðunar er full þörf á að skoða þessa þróun og setja markmið og mælikvarða um málaflokkinn til næstu ára. Hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að hafa þetta í huga við þá stefnumótunarvinnu sem er að fara í gang um heilbrigðismál í ráðuneytinu.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með

sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Velferðarráðuneytið fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.